

Nd.

576. Frumvarp til laga

[236. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II kafla laga nr. 20 5. maí 1976 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

Síðasti málsliður 3. mgr. B-liðar 15. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo: Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamat eins og það var í ársbyrjun 1976, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.

2. gr.

26. gr. orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum reiknast þannig:
Af fyrstu 6 000 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 9 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0,8%.
2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0,8% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 1000 kr. skal fella niður við álagningu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp, sem felur í sér heildarendurskoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Séð er, að frumvarpið nær ekki fram að ganga á þessu þingi, og hafði því reyndar ekki verið ætlað að koma til framkvæmda við skattlagningu á árinu 1977. Vegna hins framreiknaða fasteignamats sem tók gildi

frá og með 31. desember s.l. er hins vegar nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þegar við álagningu á þessu ári. Breytingar þær, sem lagt er til með frumvarpinu að gerðar verði, eru tvíþættar, en miða báðar að því að koma í veg fyrir að skattlagning breytist vegna hækkaðs fasteignamats. Annars vegar er lagt til að heimild sú til að nota fasteignamat sem fyrningarstofn, sem er í síðasta málslið 3. mgr. B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971 (sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973), verði eftir sem áður miðuð við fasteignamat það sem gildi fram til 30. desember á árinu 1976. Er ekki ástæða til að láta hækkun fasteignamatsins sem í gildi gekk á síðasta degi ársins leiða til stóraukinna fyrningarheimilda. Hin breytingin, sem í frumvarpinu felst, lýtur að eignarskatti. Eins og kunnugt er var eignarskattsstiginn við skattlagningu á árinu 1976 þannig að fasteignir voru metnar til eignarskatts á 2,7 földu þágildandi fasteignamatsverði og voru fyrstu 2 700 000 krónur skattgjaldseignar manna skattfrjálsar en 0,6% skattur var reiknaður af næstu 1 500 000 kr. og 1,0% af þeirri skattgjaldseign, sem þar var fram yfir. Þessi ákvæði voru tímabundin og giltu einungis fyrir skattárið 1975. Verði ekkert að gert mun eignarskattur fyrir skattárið 1976 því leggjast á skattgjaldseign manna sem er umfram 1 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir árið 1977 er reiknað með að innheimtur eignarskattur einstaklinga sé 610 milljónir króna og er álagning þá áætluð u. þ. b. 635 milljónir króna. Hliðstæðar tölur fyrir eignarskatt félaga eru 575 og 600 milljónir króna. Samtals gera fjárlög því ráð fyrir að álagður eignarskattur sé 1 235 milljónir króna. Áætlaður álagður eignarskattur skv. 2. gr. þessa frumvarps er u. þ. b. 1 180 milljónir króna og skiptist hann þannig að áætluð álagning á einstaklinga er um 580 milljónir króna en áætluð álagning á félög er um 600 milljónir króna. 2. gr. frumvarpsins hefur því væntanlega ekki í för með sér breytingar á eignarskattsbyrði félaga en eignarskattsbyrði einstaklinga mun heldur lækka við breytinguna. Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að skattfrjáls eign hjóna verði hærri en skattfrjáls eign einhleypings og er það nýmæli. Jafnframt er lagt til að í stað tveggja þrepa í eignarskattstiga manna verði nú aðeins eitt skatthlutfall, 0,8% af skattgjaldseign. Þó er gert ráð fyrir að niður falli álagður eignarskattur sem ekki nær 1000 kr., en hingað til hefur verið miðað við 100 kr.

Ætla má að með þessum breytingum fækki eignarskattsgreiðendum um meira en 10 000.

Að undanförunu hafa farið fram viðræður milli fulltrúa launþegasamtaka og ríkisins um leiðir, sem vera kynnu færar til lækkunar tekjuskatts í tengslum við kjarasamningaumleitani þær, sem nú standa yfir. Í þessum umræðum hefur einnig nokkuð verið fjallað um útsvarsálagningu og hugsanlegt er að breyting á henni komi til greina sem liður í ráðstöfunum í þessu sambandi.

Fulltrúar launþega hafa gefið til kynna í höfuðatriðum þær leiðir, sem launþegasamtökin telja sínum félögum koma einna helst að gagni við slíka lækkun skatta. Hins vegar hljóta skattbreytingar af þessu tagi að koma því aðeins til álita, að samningar séu að takast innan þess ramma, sem ætla mætti, að hagkerfið þoli miðað við hæga niðurfærslu verðbólguustigsins og jöfnuð í viðskiptum við útlönd.

Þess vegna er ekki tímabært að svo stöddu að leggja fyrir Alþingi tillögu í þessa átt. Skýrist linur í kjarasamningamálum meðan frumvarp þetta er til meðferðar Alþingis, má gera ráð fyrir, að ríkisstjórnin leggi fram tillögur um breytingar á þessu frumvarpi. Dragist þetta fram yfir þinglok, verður að gera ráð fyrir, að nauðsynlegar breytingar yrðu gerðar með bráðabirgðalögum.